

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/148/EB

2011/EES/20/15

frá 30. nóvember 2009

um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna váhrifa af asbesti á vinnustöðum (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
2. mgr. 137. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 83/477/EBE frá 19. september 1983 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa af asbesti á vinnustöðum (önnur sértilskipun í skilningi 8. gr. tilskipunar 80/1107/EBE) ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar skal kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Asbest er sérlega hættulegt efni sem getur valdið alvarlegum sjúkdómum og er víða að finna í vinnuumhverfi. Þess vegna eru margir starfsmenn hugsanlega óvarðir fyrir heilbrigðisáhættu. Krösidólit er talið sérlega hættuleg tegund af asbesti.
- 3) Þó að vísindaleg þekking sé um þessar mundir ekki næg til að unnt sé að setja tiltekið lágmark og fullyrða að neðan þess sé engin heilbrigðisáhætta mun áhættan samt sem áður minnka ef dregið er úr því að starfsmenn verði fyrir váhrifum af asbesti. Því er nauðsynlegt að kveða á um að komið verði á fót sérstökum samræmdum verklagsreglum til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af asbesti. Í þessari tilskipun er að finna lágmarkskröfur sem verða endurskoðaðar, á grundvelli fenginnar reynslu og miðað við framfarir tækniþekkingar á þessu sviði.
- 4) Enda þótt ekki sé unnt að telja minnstu trefjarnar, sem skaðlegar eru heilbrigði, með ljóssmásjá, er hún oftast notuð við reglubundna mælingu á asbesti.
- 5) Forvarnaráðstafanir til verndar heilbrigði starfsmanna, sem verða fyrir váhrifum af asbesti, og fyrirhugaðar skuldbindingar aðildarríkjanna til heilbrigðiseftirlits með tilliti til þeirra eru mikilvægar.

6) Til að tryggja að skilgreiningar á trefjum séu nógu ljósar skulu þær endurskilgreindar steindafræðilega eða með tilliti til CAS-númers þeirra.

7) Með fyrirvara um önnur ákvæði Bandalagsins um markaðssetningu og notkun asbests er mikilvægt að takmarka starfsemi sem veldur váhrifum af asbesti til að koma í veg fyrir sjúkdóma af völdum slíkra váhrifa.

8) Tilkynningarkerfi fyrir starfsemi sem hefur í för með sér váhrif af asbesti skal lagað að nýjum starfsaðstæðum.

9) Bann við því að úða með asbesti nægir ekki til þess að komið verði í veg fyrir losun asbesttrefja í andrúmsloftið. Einnig er mikilvægt að banna starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir váhrifum af asbesttrefjum við asbestnám eða framleiðslu og vinnslu á vörum úr asbesti eða framleiðslu og vinnslu á vörum, sem innihalda asbesttrefjar sem bætt hefur verið við af ásettu ráði, þar eð henni fylgja mikil váhrif sem erfitt er að koma í veg fyrir.

10) Með hliðsjón af nýjustu tækniþekkingu er nauðsynlegt að skilgreina þær sýnatökuaðferðir, sem eru notaðar við mælingu á asbestmagni í andrúmslofti, og aðferðir við trefjatalningu.

11) Jafnvel þótt enn hafi ekki verið hægt að ákvarða undir hvaða mörkum váhrifin þurfa að vera til að ekki sé hættu á að þau valdi krabbameini skal lækka viðmiðunarmörk váhrifa af asbesti í starfi sem allra mest.

12) Vinnuveitendum ber að skrá tilvist eða líklega tilvist asbests í byggingum eða búnaði áður en hafist er handa við að fjarlægja asbest og tilkynna það öðrum sem gætu orðið fyrir váhrifum af asbesti við notkun, viðhald eða aðra starfsemi í eða við byggingar.

13) Tryggja skal að fyrirtæki, sem þekkja til allra þeirra varúðarráðstafana sem ber að gera til að vernda starfsmenn, annist niðurrif eða framkvæmdir við að fjarlægja asbest.

14) Veita skal starfsmönnum, sem verða fyrir eða líklegt er að verði fyrir váhrifum af asbesti, sérstaka þjálfun til þess að stuðla að því að draga verulega úr áhættu af slíkum váhrifum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 28. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á XVIII viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnretti kynjanna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17, 31.3.2011, bls. 20.

⁽¹⁾ Álit frá 10. júní 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 20. október 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 26. nóvember 2009.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 263, 24.9.1983, bls. 25.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta II. viðauka.

- 15) Mæla skal fyrir um hagnýt tilmæli varðandi klínískt eftirlit með starfsmönnum, sem verða fyrir váhrifum, með tilliti til nýjustu læknisfræðilegu sérþekkingar með það í huga að greina á frumstigi sjúkdóma sem tengjast asbesti.
- 16) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði fyrirhugaðrar aðgerðar, þ.e. að auka verndun starfsmanna gegn áhættu vegna váhrifa af asbesti á vinnustöðum, og auðveldara er að ná því á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreiffræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 17) Ákvæði þessarar tilskipunar eru sérstakt átak til þess að gera félagsmálaþátt innri markaðarins að veruleika. Þessi ákvæði takmarkast við lágmarksaðgerðir til þess að íþyngja ekki að óþörfu stofnun og þróun litilla og meðalstórra fyrirtækja.
- 18) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að taka upp í landslög og beita tilskipununum sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að vernda starfsmenn gegn áhættu sem heilbrigði þeirra stafar af, eða líkur eru á að stafi af, vegna váhrifa af asbesti á vinnustöðum, þ.m.t. forvarnir gegn slíkri áhættu.

Þar er mælt fyrir um viðmiðunarmörk þessara váhrifa og aðrar sértækar kröfur.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að beita eða innleiða lög eða stjórnsýsluákvæði sem tryggja starfsmönnum meiri vernd, einkum að því er varðar notkun hættuminni efna í stað asbests.

2. gr.

Í þessari tilskipun merkir „asbest“ eftirfarandi silíkattefjar:

- asbestaktínólít, CAS-númer 77536-66-4⁽¹⁾,
- asbestgrúnerít (amósít), CAS-númer 12172-73-5⁽²⁾,
- asbestantófylllít, CAS-númer 77536-67-5⁽³⁾,
- krýsótíl, CAS-númer 12001-29-5⁽⁴⁾,
- krósíólít, CAS-númer 12001-28-4⁽⁵⁾,
- asbesttremólít, CAS-númer 77536-68-6⁽⁶⁾,

⁽¹⁾ Númer í CAS-skránni.

⁽²⁾ Númer í CAS-skránni.

⁽³⁾ Númer í CAS-skránni.

⁽⁴⁾ Númer í CAS-skránni.

⁽⁵⁾ Númer í CAS-skránni.

⁽⁶⁾ Númer í CAS-skránni.

3. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða geta við störf sín orðið fyrir váhrifum af völdum asbestryks eða ryks frá efnum sem innihalda asbest.

2. Þegar líklegt er að starfsemi fylgi hætta á váhrifum af völdum asbestryks eða ryks frá efnum sem innihalda asbest skal sú hætta metin á þá leið að hægt sé að ákvarða eðli og umfang váhrifa sem starfsmenn verða fyrir af völdum asbestryks eða ryks frá efnum sem innihalda asbest.

3. Svo fremi starfsmenn verði stöku sinnum fyrir váhrifum í litlu magni og ef ljóst þykir af niðurstöðum áhættumatsins, sem um getur í 2. mgr., að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk váhrifa af asbesti í andrúmslofti á vinnusvæðinu er heimilt að víkja frá ákvæðum 4., 18. og 19. gr. ef starfið felur í sér:

- stutt, ósamfelld viðhaldsstörf þar sem einungis eru meðhöndluð efni sem eru ekki auðmulin,
- fjarlægingu, án þess að skemmt sé, efna sem brotna ekki niður og innihalda asbesttefjar sem eru tryggilega tengdar í efniviði,
- hjúpun eða innsigln efna, sem innihalda asbest og eru í góðu ástandi,
- mælingar og vöktun andrúmslofts og söfnun sýna til að ganga úr skugga um hvort tiltekið efni innihaldi asbest.

4. Aðildarríkin skulu, að höfðu samráði við fulltrúa beggja aðila vinnumarkaðarins, í samræmi við landslög og venjur, mæla fyrir um hagnýtar viðmiðunarreglur um að ákvarða hvað teljast tilfallandi áhrif í litlu magni, eins og kveðið er á um í 3. mgr.

5. Hafa skal samráð um matið sem um getur í 2. mgr. við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra innan fyrirtækis eða starfsstöðvar og það skal endurskoðað þegar ástæða er til að ætla að það sé rangt eða þegar verulegar breytingar verða á vinnunni.

4. gr.

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. skal grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 2. til 5. mgr.

2. Starfsemin sem um getur í 1. mgr. 3. gr. skal falla undir tilkynningarkerfi sem lögbært yfirvald í aðildarríkinu ber ábyrgð á.

3. Vinnuveitandi skal senda réttum yfirvöldum aðildarríkisins tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. áður en vinnan hefst, í samræmi við landslög og stjórnsýslufyrirmæli.

Í tilkynningunni skal a.m.k. lýsa stuttlega eftirfarandi atriðum:

- staðsetningu vinnustaðarins,
- tegund og magni asbestsins sem er notað eða meðhöndlað,

- c) starfsemi og vinnsluáðferðum sem um ræðir,
- d) þeim fjölda starfsmanna sem um er að ræða,
- e) hvenær vinnan hefst og hve lengi hún varir,
- f) ráðstöfunum sem eru gerðar til að takmarka váhrif af asbesti á starfsmenn.

4. Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra í fyrirtækjum eða starfsstöðvum skulu hafa aðgang að skjölunum sem fjalla um tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. varðandi fyrirtæki þeirra eða starfsstöð í samræmi við landslög.

5. Í hvert sinn sem breyting á vinnuskilyrðum gæti haft í för með sér verulega aukin váhrif af asbestryki eða efnum, sem innihalda asbest, er skylt að leggja fram nýja tilkynningu.

5. gr.

Rétt er að banna úðun asbests og þau vinnuferli sem hafa í för með sér notkun eðlislétra (innan við 1 g/cm³) einangrandi eða hljóðeinangrandi efna sem innihalda asbest.

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða Bandalagsins um markaðssetningu og notkun asbests skal banna starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir váhrifum af asbesttrefjum við asbestnám eða framleiðslu og vinnslu á vörum úr asbesti eða framleiðslu og vinnslu á vörum, sem innihalda asbest sem bætt hefur verið við af ásettu ráði, þó ekki meðferð og förgun efnis sem fæst við niðurrif og þegar asbest er fjarlægð.

6. gr.

Við alla starfsemi af því tagi, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., verður að draga úr váhrifum á starfsmenn af asbestryki eða ryki frá efnum sem innihalda asbest og ávallt skal gæta þess að virða viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í 8. gr., einkum með eftirfarandi ráðstöfunum:

- a) að fjöldi þeirra starfsmanna, sem verða eða kunna að verða fyrir váhrifum af asbestryki eða ryki frá efnum sem innihalda asbest, sé takmarkaður svo sem kostur er,
- b) að vinnan sé skipulögð á þá leið að ekki myndist asbestryk eða, ef það reynist ómögulegt, að asbestryk losni ekki út í andrúmsloftið,
- c) að unnt sé að þrifa athafnasvæðið og allan búnað, sem er notaður við vinnslu eða meðferð asbests, reglubundið og rækilega og halda þeim við,
- d) að við flutning eða geymslu á asbesti og efni, sem inniheldur asbest og myndar ryk, sé það haft í hentugum, þéttum umbúðum,
- e) að úrgangi verði safnað og hann fjarlægður af vinnustað svo fljótt sem kostur er í hentugum, þéttum umbúðum

sem merktar eru svo sjáist að þær innihalda asbest, þessi ráðstöfun gildir ekki um námuvinnslu, slíkan úrgang skal síðan meðhöndla í samræmi við tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽¹⁾.

7. gr.

1. Á grundvelli niðurstaðnanna úr upphaflega áhættumatinu og til að tryggja að viðmiðunarmörk þau sem mælt er fyrir um í 8. gr. séu virt skal mæla asbesttrefjar í andrúmslofti á vinnustað reglulega.

2. Sýnataka skal vera dæmigerð fyrir þau váhrif sem hver og einn starfsmanna verður fyrir af asbestryki eða efnum sem innihalda asbest.

3. Sýni skulu tekin eftir samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra innan fyrirtækis eða starfsstöðvar.

4. Hæft starfslið skal annast sýnatöku. Síðan skal greina sýnin, í samræmi við 6. mgr. í rannsóknarstofum sem hafa búnað til að telja trefjar.

5. Tímalengd við sýnatöku skal vera með þeim hætti að unnt sé að fá rétta mynd af váhrifum á starfsmenn á átta klukkustunda viðmiðunartímabili (einni vakt) með mælingum eða tímavegnum útreikningum.

6. Telja skal trefjar með fasasmásjá (PCM) þegar þess er kostur í samræmi við aðferðina sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) mælti með árið 1997⁽²⁾ eða einhverja aðra aðferð sem veitir sambærilegar niðurstöður.

Til að mæla asbest í andrúmslofti, eins og um getur í 1. mgr., skal einungis telja með trefjar sem eru lengri en 5 míkrometrar, grennri en 3 míkrometrar og hlutfall milli lengdar og breiddar er hærra en 3:1.

8. gr.

Vinnuveitendur skulu tryggja að enginn starfsmaður verði fyrir váhrifum af meira magni asbests en 0,1 trefjum/cm³ miðað við átta stunda tímavegið meðaltal (TWA).

9. gr.

Þær breytingar, sem nauðsynlegar eru til að laga I. viðauka við þessa tilskipun að tækniframförum, skulu samþykktar í samræmi við þá málsmeðferð, sem um getur í 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽³⁾.

10. gr.

1. Sé farið yfir viðmiðunarmörkin, sem sett eru í 8. gr., skal finna ástæður þess og gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta svo skjótt sem unnt er.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

⁽²⁾ Ákvörðun trefjamagns í andrúmslofti. Ráðlögð aðferð: fasasmásjá (himnusíuadferð), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Genf 1997 (ISBN 92 4 154496 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

Ekki skal halda áfram vinnu á menguðu svæði fyrr en gripið hefur verið til viðeigandi ráðstafana til að vernda viðkomandi starfsmenn.

2. Í því skyni að ganga úr skugga um skilvirkni þeirra ráðstafana, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skal umsvifalaust gera frekari greiningu á magni asbests í lofti.

3. Ef ekki er unnt að draga úr váhrifum með öðru móti og nauðsynlegt reynist að starfsmenn beri öndunargrimur til að tryggja að viðmiðunarmörk séu virt skal það ekki vera varanlegt fyrirkomulag heldur haldið í algjöru lágmarki fyrir hvern starfsmann. Þann tíma sem þörf er á slíkum búnaði við vinnu skal gera ráð fyrir vinnuhléum í samræmi við líkamlegt ástand og veðurfarsleg skilyrði og, eftir því sem við á, í samræði við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra innan fyrirtækis eða starfsstöðvar, í samræmi við landslög og venjur.

11. gr.

Áður en vinna hefst við niðurrif eða viðhald skulu vinnuveitendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að finna þau efni sem gert er ráð fyrir að innihaldi asbest, hugsanlega með því að afla upplýsinga hjá eigendum.

Ef vafi leikur á því hvort asbests fyrirfinnist í efni eða byggingu skal fara að viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.

12. gr.

Við tiltekin verk, s.s. niðurrif, brottnám asbests, viðgerðir og viðhald, þar sem fyrirsjáanlegt er að farið verði yfir viðmiðunarmörkin í 8. gr., þrátt fyrir tæknilegar forvarnir til að takmarka asbestmagn í andrúmslofti, skal vinnuveitandi ákvarða ráðstafanir sem ætlað er að tryggja starfsmönnum vernd á meðan verk af slíku tagi eru unnin, þ.e.:

- starfsmönnum skal séð fyrir öndunargrímunum og öðrum persónuhlífum við hæfi, sem þeim er skylt að bera,
- setja skal upp viðvörunarskilti um að fyrirsjáanlega verði farið yfir viðmiðunarmörkin í 8. gr., og
- koma skal í veg fyrir að asbestryk eða ryk frá efnum sem innihalda asbest breiðist út fyrir athafna- eða vinnusvæðið.

Hafa skal samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra innan fyrirtækis eða starfsstöðvar að því er varðar þessar ráðstafanir áður en hafist er handa við viðkomandi starfsemi.

13. gr.

1. Gera skal verkáætlun áður en vinna við niðurrif eða fjarlægingu asbests og/eða efna sem innihalda asbest úr byggingum, mannvirkjum, verksmiðjum eða stöðvum, eða úr skipum, er hafin.

2. Í áætlun þeirri sem um getur í 1. mgr. skal mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna á vinnustað.

Í áætluninni skal einkum tiltekið:

- að fjarlægja skuli asbest og/eða efni, sem innihalda asbest, áður en niðurrif hefst, nema starfsmönnum sé meiri hætta búin af því en ef ekki er hróflað við asbestinu og/eða vörumum, sem innihalda asbest,
- að útvega skuli persónuhlífar sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar 12. gr. ef nauðsyn krefur,
- þegar framkvæmdum við niðurrif og brottnám asbests er lokið skuli sannreyna, í samræmi við landslög og venjur, að engin hætta stafi af váhrifum á vinnustaðnum.

Að beiðni lögbærs yfirvalds skal verkáætlunin taka til upplýsinga um eftirfarandi:

- eðli verksins og hve lengi það stendur yfir,
 - staðinn þar sem verkið er unnið,
 - aðferðirnar sem eru notaðar þegar verkið felur í sér meðhöndlun asbests eða efna sem innihalda asbest,
 - eiginleika búnaðarins sem er notaður við:
 - verndun og afmengun þeirra sem inna verkið af hendi,
 - verndun annarra sem eru á vinnusvæðinu eða nálægt því,
3. Að beiðni lögbærra yfirvalda skal tilkynna þeim áætlunina, sem um getur í 1. mgr., áður en vinna hefst við fyrirhugað verk.

14. gr.

1. Vinnuveitendur skulu veita öllum starfsmönnum, sem verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum af ryki asbests eða efna sem innihalda asbest, viðeigandi þjálfun. Veita skal slíka þjálfun með reglulegu millibili og starfsmönnum að kostnaðarlausu.

2. Inntak þjálfunarinnar verður að vera auðskiljanlegt fyrir starfsmenn. Hún skal gera þeim kleift að öðlast nægilega þekkingu og færni í forvarnar- og öryggisstarfi, einkum að því er varðar:

- eiginleika asbests og áhrif þess á heilbrigði, þ.m.t. samvirkniáhrif reykinga,
- vörutegundir eða efni sem kunna að innihalda asbest,
- starfsemi, þar sem asbest gæti valdið váhrifum, og mikilvægi fyrirbyggjandi eftirlits til að halda váhrifum í lágmarki,

- d) öruggar vinnuvenjur, eftirlit og hlífðarbúnað,
- e) viðeigandi tilgang, val, úrval, takmarkanir og rétta notkun á öndunarbúnaði,
- f) neyðaraðgerðir,
- g) afmengunaraðgerðir,
- h) úrgangslösun,
- i) kröfur um lækniseftirlit.

3. Þróa skal á vettvangi Bandalagsins hagnýtar viðmiðunarreglur um að þjálfa starfsmenn til að fjarlægja asbest.

15. gr.

Áður en framkvæmdir hefjast við niðurrif og brotnám asbests skulu fyrirtæki sanna að þau séu hæf á þessu sviði. Sönnunargögn skulu vera í samræmi við landslög og/eða venjur.

16. gr.

1. Þegar um er að ræða einhverja þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og með fyrirvara um 3. mgr. sömu greinar skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að:

- a) þeir staðir þar sem fyrrgreind starfsemi fer fram:
 - i. séu skýrt afmarkaðir og auðkenndir með viðvörðunarkerkjum,
 - ii. séu ekki aðgengilegir öðrum starfsmönnum en þeim sem vegna vinnu sinnar eða skyldustarfa þurfa að hafa aðgang að þeim,
 - iii. séu reyklaussvæði,
- b) svæði séu frátekin þar sem starfsmenn geta neytt matar og drykkjar án þess að eiga á hættu að komast í snertingu við asbestryk,
- c) starfsmönnum sé útvegaður vinnu- eða hlífðarfatnaður við hæfi, sá vinnu- og hlífðarfatnaður sé hafður í vörslu fyrirtækisins, þó er heimilt að láta þvo hann hjá starfsstöðvum utan fyrirtækis, sem hafa aðstöðu til slíkrar starfsemi, ef fyrirtækið annast ekki þrífín sjálft, þegar svo háttar til skal flytja fatnaðinn í lokuðum gámum,
- d) aðskildar geymslur séu tryggðar fyrir vinnu- eða hlífðarföt, svo og venjuleg ígangsklæði,
- e) starfsmönnum sé séð fyrir nægilegri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu, þ.m.t. sturta ef um er að ræða framkvæmdir sem fylgir mikið ryk,
- f) hlífðarbúnaður sé hafður á skýrt afmörkuðum stað, og yfirfarinn og þrífinn eftir hverja notkun, og gripið sé til viðeigandi ráðstafana til þess að gera við eða endurnýja bilaðan búnað áður en hann er notaður að nýju.

2. Kostnaður af þeim ráðstöfunum, sem gripið er til samkvæmt í 1. mgr., má ekki leggjast á starfsmenn.

17. gr.

1. Ef um er að ræða starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að starfsmenn og fulltrúar þeirra í fyrirtækinu eða starfsstöðinni fái fullnægjandi upplýsingar varðandi:

- a) mögulega heilbrigðisáhættu vegna váhrifa af asbestryki eða ryki frá efnum sem innihalda asbest,
- b) lögboðin viðmiðunarmörk og nauðsyn þess að fylgjast með andrúmsloftinu,
- c) kröfur um hollustuhætti, þ.m.t. þörfina á að láta vera að reykja,
- d) varúðarráðstafanir sem þarf að grípa til að því er varðar notkun hlífðarbúnaðar og -fatnaðar,
- e) sérstakar varúðarráðstafanir sem ætlað er að lágmarka váhrif af asbesti.

2. Auk þeirra ráðstafana, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og með fyrirvara um 3. mgr. sömu greinar, skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að:

- a) starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra í fyrirtækinu eða starfsstöðinni hafi aðgang að niðurstöðum mælinga á magni asbests í lofti og eigi kost á skýringum að því er varðar merkingu þeirra niðurstaðna,
- b) hlutaðeigandi starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar séu upplýstir svo fljótt sem auðið er um það ef niðurstöðurnar gefa til kynna að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk þau sem sett eru í 8. gr., svo og um ástæður þessa, og að samráð sé haft við starfsmennina og/eða fulltrúa þeirra innan fyrirtækisins eða starfsstöðvarinnar um ráðstafanir sem gera skal, eða að þeir séu upplýstir um þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, ef neyðarástand hefur skapast.

18. gr.

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. skal grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 2. til 5. mgr.

2. Mat á heilbrigðisástandi hvers starfsmanns skal liggja fyrir áður en hann verður fyrst fyrir váhrifum af völdum asbestryks eða ryks frá efnum sem innihalda asbest.

Þetta mat skal fela í sér sérstaka skoðun á brjóstholi. Í I. viðauka eru hagnýt tilmæli sem aðildarríkin geta miðað við varðandi klínískt eftirlit með starfsmönnum, þessi tilmæli skal laga að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 17. gr. tilskipunar 89/391/EEB.

Nýtt mat skal vera tiltækt eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti meðan váhrifa gætir.

Sérstök heilsufarsskrá skal gerð í samræmi við landslög og/eða venjur fyrir hvern starfsmann sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Að loknu klínísku eftirliti, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., skal lækni eða yfirvald sem ber ábyrgð á lækniseftirliti með starfsmönnum, veita í samræmi við landslög, ráðleggingar um ráðstafanir til verndar hverjum og einum starfsmanni, eða forvarnarráðstafanir, eða ákvarða slíkar ráðstafanir.

Slíkar ráðstafanir geta falið í sér, eftir því sem við á, að viðkomandi starfsmaður sé tekinn úr umhverfi þar sem gættir váhrifa asbests.

4. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráð er varða mat á heilsufari þeirra sem fer fram eftir að váhrifa hættir að gæta.

Læknirinn eða það yfirvald sem ber ábyrgð á lækniseftirliti með starfsmönnum getur lýst því yfir að starfsmenn skuli vera áfram undir lækniseftirliti eftir að váhrifa hættir að gæta eins lengi og nauðsynlegt er talið til að vernda heilsu viðkomandi.

Áframhaldandi eftirlit af þessu tagi skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venjur.

5. Viðkomandi starfsmaður eða vinnuveitandi getur farið fram á endurskoðun mats sem um getur í 3. mgr., í samræmi við landslög.

19. gr.

1. Með fyrirvara um 3. mgr. 3. gr. skal grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 2., 3. og 4. mgr.

2. Vinnuveitandi skal færa starfsmenn, sem bera ábyrgð á starfsemi sem um getur í 1. mgr. 3. gr., á skrá, þar sem er greint frá eðli og lengd starfseminnar og váhrifunum sem þeir hafa orðið fyrir. Læknir og/eða yfirvald sem ber ábyrgð á lækniseftirliti skal hafa aðgang að þessari skrá. Hver starfsmaður hafi aðgang að þeim upplýsingum í skránni sem varða hann sérstaklega. Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra skulu hafa aðgang að óauðkenndum, sameiginlegum upplýsingum í skránni.

3. Geyma ber skrána, sem um getur í 2. mgr., og heilsufarsskýrslurnar, sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 18. gr., í 40 ár hið minnsta eftir að váhrifa hættir að gæta, í samræmi við landslög og/eða venjur.

4. Láta skal lögbæru yfirvaldi í té gögnin, sem um getur í 3. mgr., þegar fyrirtækið hættir starfsemi, í samræmi við landslög og/eða venjur.

20. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að hægt sé að beita hæfilegum viðurlögum ef brotið er gegn landslögum, sem hafa verið samþykkt samkvæmt þessari tilskipun. Viðurlög verða að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

21. gr.

Aðildarríkin skulu halda skrá yfir viðurkennd tilvik asbestveiki og iðraþekjuæxla.

22. gr.

Fimmta hvert ár skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um verklega framkvæmd þessarar tilskipunar í sérstökum kafla í skýrslunni, sem um getur í 1., 2., og 3. mgr. 17. gr. a í tilskipun 89/391/EBE, sem er grundvöllur fyrir mat sem framkvæmdastjórnin annast, í samræmi við 4. mgr. 17. gr. a þeirrar tilskipunar.

23. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem þessi tilskipun tekur til.

24. gr.

Tilskipun 83/477/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjana að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

25. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

26. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjana.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

J. BUZEK

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

B. ASK

I. VIÐAUKI

Hagnýt tilmæli vegna klínískis mats á starfsmönnum sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 18. gr.

1. Eftir því sem nú er vitað geta váhrif af völdum lausra asbestrefja valdið eftirfarandi sjúkdómum:
 - asbestveiki,
 - iðraþekjuæxli,
 - krabbameini í berkjum,
 - krabbameini í maga og þörmum.
2. Læknirinn og/eða yfirvaldið, sem ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti með starfsmönnum sem verða fyrir váhrifum af asbesti, verða að þekkja aðbúnað og aðstæður hvers starfsmanns sem þannig er ástatt um.
3. Heilbrigðisskoðun starfsmanna skal fara fram í samræmi við starfsreglur og -venjur í atvinnusjúkdómafræði. Í henni felst a.m.k.:
 - skráning á heilsufarsstöðu og starfsferli starfsmanns,
 - persónulegt viðtal,
 - almenn læknisskoðun, einkum með tilliti til brjóstholis,
 - prófun á virkni lungna (rúmtak lungna og tíðni öndunar).

Læknirinn og/eða yfirvald, sem ber ábyrgð á heilsufarseftirliti, tekur ákvörðun um frekari skoðanir, s.s. frumufraeðiþróf á hráka eða röntgen- eða tölvusneiðmyndatöku af brjóstholi, með tilliti til nýjustu þekkingar á heilbrigði starfsmanna.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 24. gr.)

Tilskipun ráðsins 83/477/EBE

(Stjttíð. EB L 263, 24.9.1983, bls. 25)

Tilskipun ráðsins 91/382/EBE

(Stjttíð. EB L 206, 29.7.1991, bls. 16)

Tilskipun ráðsins 98/24/EB

(Stjttíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11)

eingöngu 2. mgr. 13. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/18/EB

(Stjttíð. ESB L 97, 15.5. 2003, bls. 48)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB

(Stjttíð. ESB L 165, 27.6. 2007, bls. 21)

eingöngu 1. mgr. 2. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 24. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
83/477/EBE	31. desember 1986 ⁽¹⁾
91/382/EBE	1. janúar 1993 ⁽²⁾
98/24/EB	5. maí 2001
2003/18/EB	14. apríl 2006
2007/30/EB	31. desember 2012

⁽¹⁾ Í stað þessarar dagsetningar komi 31. desember 1989 ef um er að ræða starfsemi sem varðar asbestsnámuþróft.

⁽²⁾ Að því er varðar Lýðveldið Grikkland er frestur til að lögleiða tilskipunina 1. janúar 1996. Þó skal dagsetning lögleiðingar ákvæðanna um starfsemi sem varðar asbestsnámuþróft vera 1. janúar 1996 fyrir öll aðildarríkin og 1. janúar 1999 fyrir Lýðveldið Grikkland.

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 83/477/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	—
3. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Fyrsti til sjötti undirliður 2. gr.	a- til f-liður 2. gr.
1. til 3. mgr. 3. gr.	1. til 3. mgr. 3. gr.
3. mgr. a í 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	5. mgr. 3. gr.
Inngangsorðin í 4. gr.	1. mgr. 4. gr.
1. liður 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
2. liður 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
3. liður 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
4. liður 4. gr.	5. mgr. 4. gr.
5. gr.	5. gr.
1. til 5. liður 6. gr.	a- til e-liður 6. gr.
7. og 8. gr.	7. og 8. gr.
2. mgr. 9. gr.	9. gr.
10. gr.	10. gr.
10. gr. a	11. gr.
1. og 2. mgr. 11. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 12. gr.
1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 13. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 12. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 13. gr.
Fyrsti undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Annar undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Fyrsti undirliður þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	a-liður 3. undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Annar undirliður þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	b-liður þriðju undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Þriðji liður þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	c-liður þriðju undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Fjórdi undirliður þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	d-liður þriðju undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Fyrsti undirliður fjórða liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	i. liður d-liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
Annar undirliður fjórða liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. 12. gr.	ii. liður d-liðar þriðju undirgreinar 2. mgr. 13. gr.
3. mgr. 12. gr.	3. mgr. 13. gr.
12. gr. a	14. gr.
12. gr. b	15. gr.
a-liður 1. mgr. 13. gr.	a-liður 1. mgr. 16. gr.
b-liður 1. mgr. 13. gr.	b-liður 1. mgr. 16. gr.
i. og ii. liður c-liðar 1. gr.	c-liður 1. mgr. 16. gr.

Tilskipun 83/477/EBE	Þessi tilskipun
iii. liður c-liðar 1. mgr. 13. gr.	d-liður 1. mgr. 16. gr.
iv. liður c-liðar 1. mgr. 13. gr.	e-liður 1. mgr. 16. gr.
v. liður c-liðar 1. mgr. 13. gr.	f-liður 1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 16. gr.
Inngangsorð í 1. mgr. 14. gr.	Inngangsorð í 1. mgr. 17. gr.
Fyrsti til fimmli undirliður 1. mgr. 14. gr.	a- til e-liður 1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 17. gr.
Inngangsorðin í 15. gr.	1. mgr. 18. gr.
1. til 4. liður 15. gr.	2. til 5. mgr. 18. gr.
Inngangsorðin í 16. gr.	1. mgr. 19. gr.
1. til 3. liður 16. gr.	2. til 4. mgr. 19. gr.
16. gr. a	20. gr.
17. gr.	21. gr.
17. gr. a	22. gr.
1. mgr. 18. gr.	—
2. mgr. 18. gr.	23. gr.
—	24. gr.
—	25. gr.
19. gr.	26. gr.
II. viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki